



SIÐAREGUR KJÖRINNA FULLTRÚA Í LANGANESBYGGÐ

Markmið og gildissvið

Reglur þessar ná til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum sveitarfélagsins, **hvort sem þeir tengjast á einhvern hátt störfum sem fulltrúar á vegum sveitarfélagsins eða sinna erindum á vegum sveitarfélagsins utan þess**. Markmið þessara reglna er að skilgreina skyldur, valdmörk, hagsmuni, trúnað, stöðuveitingar, hättarni, viðmót og samskipti þeirra sem vísað er til í reglunum og ætlast er til að viðkomandi sýni af sér við störf sín og þar sem þeir koma fram fyrir eða tengjast störfum fyrir sveitarfélagið. **Þessum reglum er einnig ætlað að efla vitun um jafnrétti, mannréttindi og gegn mismunun í starfi. Hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana eða þjóðfélagsstöðu er ekki liðin hjá þeim sem reglurnar varða. Allir sem málið varðar eru hvattir til að leita réttar síns ef þeir telja á sér brotið.**

1. Starfsskyldur

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Langanesbyggðar og jafnframt sannfæringu sinni í störfum sínum fyrir sveitarfélagið. Þeim ber að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga, fyrirtækja, hópa eða hagsmunasamtaka.

Þeim ber ávallt að hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins. Þeir skulu hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum og þar með talið gagnsækja og upplýsta ákvarðanatöku. Þá skulu þeir ekki framkvæmda neitt sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um annað en að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins.

2. Valdmörk og virðing

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings né heldur hverjum þeim sem er nátengdur þeim eða ákveðnum fyrirtækjum eða hagsmunahópum. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu og háttvísi. Þeir virða einkalíf og skoðanir þeirra og rétt þeirra til að koma þeim á framfæri.

3. Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar skulu ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar og það á einnig við þegar störfum lýkur fyrir sveitarfélagið. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

4. Meðferð hugarbreytandi efna

Öll meðferð áfengis eða annarra hugarbreytandi efna er stranglega bönnuð þegar fulltrúar sitja fundi í sveitarstjórn, nefndum eða ráðum sveitarfélagsins. Það á einnig við um þegar fulltrúar koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins á öðrum vettvangi en innan þess eða á viðburðum sem sveitarfélagið skipuleggur sjálft.



5. Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. Gjafir og fríðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslu, gjafir eða önnur hlunnindi frá þeim sem þeir eiga í samskiptum við á vegum sveitarfélagsins ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða hverju nafni sem sá greiði nefnist.

7. Trúnaður

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum sveitarfélagsins. Það á einnig við um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um enda byggi hann á lögmætum og málefnalegu rökum.

8. Stöðuveitingar

Störf og/eða stöðuhækkanir hjá sveitarfélaginu eru einungis veittar á forsendum hæfni til að sinna starfinu. Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess í ákvörðunum sínum við val á starfsmönnum að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið. Sérstaklega ber að huga að tengslum þess sem veitir starfið eða stöðuhækkunina við þann sem sækir um og skal viðkomandi sem tekur ákvörðun um ráðningu eða stöðuhækkun lýsa sig vanhæfan ef skyldleiki eða hagsmunatengsl eru á milli viðkomandi.

9. Traust

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér vinnubrögð sem skapað geta traust á sveitarfélaginu og starfi þeirra. Þeim ber að gæta að orðspori sveitarfélagsins í samskiptum innan og utan starfa fyrir sveitarfélagið. Þeir skulu standa vörð um óhlutdrægni en jafnframt axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.

10. Miðlun reglna

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með **kjöri sínu** og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Langanesbyggðar eða á annan hátt sem sveitarstjórn ákveður til þeir geti gert sér grein fyrir þeim.

Samþykkt í sveitarstjórn xxxx 2025